



Bréf sent á Skólameistara Verkmenntaskólans á Akureyri

Sæl vertu

Mig langaði aðeins að heyra í þér varðandi málefni iðnnáms og starfsnám því tengdu sem formaður velferðar- og fræðslunefndar í Langanesbyggð. Það komu inn á borð til okkar áhyggjur foreldra nemenda sem eru í iðnnámi og búa á heimavist en þær annir sem nemendurnir eru í starfsnámi þá hafa þeir ekki lengur rétt á búsetu á heimavistinni og þurfa að flytja út.

Ég veit að lögum samkvæmt er þetta því miður ferlið þar sem starfsnámið er ekki á ábyrgð skólans heldur nemendans sjálfs en þetta fyrirkomulag hentar mjög illar, sérstaklega fyrir börn sem þurfa að sækja nám fjarri heimilum sínum, líkt og hér á Þórshöfn.

Ég veit að þessi umræða hefur komið upp áður og langaði mig að athuga hvort eitthvað hafi breyst í þessum málum varðandi uppbyggingu á iðnnámi og ábyrgð á starfsnáminu og hvort Langanesbyggð geti sent frá sér ályktun eða áskorun eða eitthvað því um líkt þá á hvaða aðila, til að fá þessu breytt.

Kveðja

Sigríður Friðný Halldórsdóttir

Formaður velferðar- og fræðslunefndar í Langanesbyggð

Dags 12. febrúar 2025